

Nd.

400. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 112. 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Flm.: Jón Sigurðsson.

1. gr.

Á eftir 48. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Nú hefur verið fellt að stofna fiskiræktarfélag við fiskihverfi, en yfir einni eða fleiri ám í fiskihverfinu vofir, að dómi veiðimálanefndar. veruleg rýrnun eða geryðing fiskistofnsins, og er þá þeim mönnum, er veiðirétt hafa í á þessari og fiskifarvegi hennar til sjávar, heimilt að stofna fiskiræktarfélag fyrir það veiðisvæði samkvæmt ákvæðum laga þessara, að fengnu samþykki veiðimálanefndar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð.

Það hefur komið í ljós, að í stórum fiskihverfum geta hagsmunir og afstaða meiri hluta manna til fiskiræktar valdið því, að ógerlegt sé að stofna fiskiræktarfélag fyrir allt fiskihverfið samkv. ákvæðum gildandi laga, þótt yfir einni eða fleiri ám í fiskihverfinu vofi geryðing fiskistofnsins og þeir, sem þar eiga hlut að máli, óski friðunar. Tilgangur þessa frv. er að bæta úr þessu með því að heimila veiðieigendum að stofna fiskiræktarfélag fyrir þær ár, sem hér um ræðir.

Frv. hef ég sent veiðimálanefnd til umsagnar, og fer álit hennar hér á eftir.

Fylgiskjal.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 4. febr. 1946.

Herra alþm. Jón Sigurðsson, frá Reynistað, Alþingi.

Veiðimálanefnd hefur kynnt sér frv. til l. um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax og silungsveiði, sem þér munuð hafa í hyggju að bera fram á Alþingi, en óskað umsagnar nefndarinnar um efni frumvarpsins.

Veiðimálanefnd fellst á það, að sums staðar kunni svo til að haga, að rétt sé að veita nefndinni heimild til þess að leyfa stofnun fiskræktarfélaga á takmörkuðum svæðum innan fiskhverfis. Mun á þann hátt mega vernda vissar ár gegn geryðingu fiskistofnsins, þótt skilyrði sé ekki fyrir hendi í heild til þess að stofna fiskræktarfélag við allt fiskhverfið.

Vegna þess, sem hér er fram tekið, leggur Veiðimálanefnd til, að þessi breyting verði gerð á laxveiðilögum.

Virðingarfyllst,

F. h. Veiðimálanefndar

Steingr. Steinþórsson.